# BARNA-BLAÐIÐ

Morgunblaðið
45. tbl. • 10. nóvember 2024





Lausn gátunnar má finna inni í blaðinu

## FINNIÐ ÞESSA 5 HLUTI Á MYNDINNI

LITLIR LISTAMENN • VERÐLAUNALEIKUR • BÓKAKYNNING • ANDRÉS ÖND • ÞRAUTIR • SUDOKU

# Litlir listamenn

**Sendu okkur myndina þína!**

MUNIÐ AÐ LÁTA FYLGJA MEÐ NAFN OG ALDUR



ÍSABELLA 7 ÁRA OG HUGINN RAFN 5 ÁRA




KAREN 5 ÁRA




BENJAMÍN 5 ÁRA




MARGRÉT PERLA 7 ÁRA



Morgunblaðið – Barnablaðið, Hádegismóum 2, 110 Reykjavík
Útgefandi: Árvakur • Netfang: barnabladid@mbl.is • Umsjón og umbrot: Elín Arnórsdóttir • barnabladid

# Verðlaunaleikur vikunnar




Í þessari viku eigið þið að TENGJA SAMAN samsett orð. Lausnina skrifið þið niður á blað og sendið inn fyrir 17. NÓVEMBER. Þá eigið þið möguleika á að vinna bókina LEIKFANGASAGA – GÆLUDÝRAVANDAMÁLIÐ.

Munið að láta fylgja með upplýsingar um nafn, aldur og heimilisfang. Þið getið sent lausnina á netfangið BARNABLADID@MBL.IS eða sent bréf með pósti á Morgunblaðið – Hádegismóum 2, 110 Reykjavík

| | |
|---|---|
| Fót- | bursti |
| Þak- | þröstur |
| Lausnarorð Skógar- | grafa |
| Sund- | bolti |
| Hár- | gluggi |
| Skurð- | hetta |

## Vinningshafar

Fyrir tveimur vikum áttuð þið að leysa KROSSGÁTU og var rétt svar HRÆÐILEG HREKKJAVAKA. Dregið var úr réttum lausnum og fá hinir heppnu bókina FYRSTU SÖGURNAR MÍNAR – HVAÐ BORÐAR LÍLÓ OG STITCH í verðlaun.

Fjóla Angele Guðnadóttir
6 ára

Sólborg Sara Kolbeinsdóttir
6 ára

Aldís Jóhannsdóttir
4 ára

Gunnar Mánason
5 ára

Torfi Hrafn Guðnýjarson
1 árs




Til hamingju, krakkar! Þið fáið bókina senda heim á næstu dögum




# NÝJAR BA

**Bósi, Viddi, Dísa og hin leikföngin eru afar hamingjusöm. Oddný elskar þau og leikur sér með þau á hverjum degi. En dag nokkurn kemur hún með lítinn, loðinn hamstur inn á heimilið – og hún sér ekki sólina fyrir nýja gæludýrinu. Leikföngunum líst ekki alveg á þennan nýja gaur sem tekur allan tíma Oddnýjar. En vandamálið er rétt að byrja því hamsturinn sleppur út úr búrinu sínu og þá þurfa leikföngin að taka á öllu sínu til að ná honum áður en Oddný kemur heim!**





Bósi, Viddi, Dísa og hin leikföngin voru afar hamingjusöm. Þau bjuggu hjá Oddnýju, lítilli stúlku sem elskaði að leika sér með þau. Á hverjum einasta degi lentu hún og leikföngin hennar í margvíslegum ævintýrum.

2

En eitt síðdegið kom Oddný ekki heim úr leikskólanum á tilsettum tíma.
„Hvar er hún?“ spurði Rex undrandi.
„Ekki hafa áhyggjur … hún hefur áreiðanlega skroppið í heimsókn til bestu vinkonu sinnar,“ svaraði Viddi róandi röddu. „Þær leika sér nú oft saman.“

3

# EKUR


Disney klúbburinn Gæludýravandamálið

Lesskilningsverkefni

Bækur eru stútfullar af **samsettum orðum** og það er gott að læra hvernig á að skrifa þau. Til dæmis ef þarf að skipta orðunum á milli lína. Geturðu hjálpað risaeðlunni að tengja rétt saman og finna út úr þessu? P.S. Úr hverju er orðið **risaeðla** samsett?

| | | |
|---|---|---|
| morgunn | leikskóli | hús |
| leikur | málmgræja | tónn |
| bíll | gæludýr | hjól |
| kartafla | hamstrahjól | dýr |
| aðvörun | aðvörunartónn | skóli |
| skápur | dyragætt | gætt |
| eldur | eldhús | græja |
| málmur | morgunkorn | hurð |
| gæla | skápahurð | hús |
| dyr | Kartöfluhaus | hurð |
| þvottur | þvottahús | haus |
| hamstur | bílhurð | korn |



Disney klúbburinn

Bókaklúbbur þar sem áskrifendur fá senda heim í hverjum mánuði nýja myndskreytta ævintýrabók. Eins hafa þeir aðgang að upplestri á sögunni og lesskilningshefti sem unnið er upp úr bókinni. Sjá www.edda.is/disneyklubbur en þar er að finna Disney-hljóðbókasafn með fjölda annara upplestra og lesskilningshefta.

## Brandarahornið!

Kristinn segir við systur sína: „Mig langar að gera eitthvað í sumarfríinu sem ég hef aldrei gert áður.“
„Taktu þá til í herberginu þínu!“

Þrjár leðurblökur fara í keppni. Sú leðurblaka vinnur sem snýr aftur mest útötuð í blóði. Sú fyrsta snýr aftur með þrjá blóðdropa á vængnum.
Önnur leðurblakan snýr aftur með svipað magn af blóði á maganum. Eftir stutta stund kemur sú þriðja öll útötuð í blóði.
Fyrri leðurblökurnar spyrja hissa: „Hvernig fórstu að þessu?“
„Sáuð þið tréð þarna fyrir utan?“
„Já.“
„Ekki ég ... “

„Ég keypti þennan kött fyrir mánuði,“ kvartar Stína, „þú sagðir við mig að hann væri fullkominn fyrir mýs en hann hefur ekki ennþá veitt eina einustu mús!“
Starfsmaðurinn: „Já, er það ekki fullkomið fyrir mýsnar?“

Læknir: „Ástandið er slæmt! Þú ert með vökva í liðunum, kalk í æðunum og steina í nýrunum!“
Sjúklingurinn: „Flott, þá bíð ég bara eftir að þú segir mér að ég sé með sand í höfðinu og þá get ég byrjað að byggja!“

## Lausn forsíðugátu



## Lausnir á bls. 6-7

**Skuggaleikur**




**Finndu 10 villur**



| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 4 | 2 | 1 |
| 2 | 1 | 4 | 3 |
| 4 | 3 | 1 | 2 |

**Tveir eins**





# Heilaleikfimi

VERTU MEÐ BLÝANT VIÐ HÖNDINA OG SPREYTTU ÞIG!

## Skuggaleikur




Lausn á bls. 5.

## Tengdu og litaðu




## Krakka-Sudoku

Gott er að nota blýant til að leysa þessa þraut ef þú þarft að stroka út vitleysur. Stóri ferningurinn er búinn til úr fjórum minni ferningum. Í hverjum litlum ferningi eiga tölurnar frá 1 til 4 að koma fyrir. Eins eiga tölurnar 1–4 að koma fyrir í hverri línu, bæði lárétt og lóðrétt.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | 2 | | |
| | 4 | | 1 |
| 2 | | 4 | |
| | | | 2 |

Lausn á bls. 5.

## Kalli og baunagrasið



## Finndu 10 villur



Lausn á bls. 5.

## Tveir eins





Lausn á bls. 5.

## Drátthagi blýanturinn



# RÁÐGÁTA

## Fífí fundin




Það er leikfang við svaladyrnar og Mikki sá eitthvað ljósbrúnt á bak við blómapottana skömmu áður. Hann telur að Fífí hafi fundið sér hljóðlátari stað á svölunum.



Disney Lesum meira

Walt Disney Andrés Önd

WWW.ANDRÉSÖND.IS

©Disney